



Kjarafélag
viðskiptafræðinga og
hagfræðinga

Aðalfundur

Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga
fimmtudaginn 21. mars 2019
Kl. 12:00 – 13:30

Dagskrá:

- *Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári*
- *Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár*
- *Skýrslur og tillögur nefnda*
- *Tillögur félagsstjórnar*
- *Kosning í embætti og önnur trúnaðarstörf*
- *Lagabreytingar*
- *Ákvörðun félagsgjalda*
- *Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins*
- *Önnur mál*

Skýrsla stjórnar fyrir starfsárið 2018 - 2019

1. KVH

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga hefur þann tilgang fyrst og fremst að vinna að bættum kjörum félagsmanna og gæta hagsmuna þeirra í kjara- og réttindamálum. Félagið fer með kjarasamningamál fyrir hönd sinna félagsmanna gagnvart ríki, sveitarfélögum og almennum vinnumarkaði.

Félagið er eitt af 27 aðildarfélögum Bandalags háskólamanna.

Stjórn félagsins

Eftirtaldir skipa stjórn félagsins:

Birgir Guðjónsson, formaður
Ragnheiður Ragnarsdóttir, varaformaður/ritari
Helga S. Sigurðardóttir, gjaldkeri
Stefán Þór Björnsson, meðstjórnandi
Sæmundur Á. Hermannsson, meðstjórnandi (frá 1.09.18)
Guðfinnur Þór Newman, meðstjórnandi (til 31.08.18)

Varamenn eru: Björn Bjarnason, Hjálmar Kjartansson og Sæmundur Árni Hermannsson (til 31.08.18). Skoðunarmenn reikninga eru: Halla S. Sigurðardóttir og Jóngeir Hlinason.

2. Almenn starfsemi

Á starfsárinu voru haldnir 22 stjórnarfundir og var þar fjallað um réttinda- og kjaramál, vinnumarkaðsmál, lífeyrismál og margvísleg önnur hagsmunamál félagsmanna. Þá tóku stjórnarmenn þátt í ýmsum fundum á vegum BHM, einkum vegna kjara- og réttindamála, ásamt kynningum KVH fyrir háskólanema í viðskipta- og hagfræði. Formaður félagsins, Birgir Guðjónsson, sat einnig fundi formannaráðs BHM.

Fyrir hönd KVH sátu eftirfarandi í nefndum á vegum BHM: Hjálmar Kjartansson í Sjúkrasjóði BHM, Halla Sigrún Sigurðardóttir í Starfsmenntunarsjóði BHM og Björn Bjarnason í Orlofssjóði BHM. Þá er Birgir Guðjónsson varamaður í stjórn LSR.

Starfsmenn KVH eru tveir, framkvæmdastjóri Guðfinnur Þór Newman og skrifstofustjóri Karen Ósk Pétursdóttir og sinna þau fjölmörgum verkefnum fyrir félagið og félagsmenn í viku hverri, sem lúta að kjaramálum og réttindamálum. Félagsmenn leita oft aðstoðar vegna mála er varða ráðningar og launakjör, áminningar, samskipti á vinnustöðum, uppsagnir og starfslok, að ógleymdri túlkun á kjarasamningum og réttindum. Einnig hafa nokkrir félagsmenn leitað til félagsins vegna atvinnutengdra veikinda. Þá hafa starfsmenn KVH fyrir hönd félagsins veitt umsagnir um ýmis álitamál og tekið þátt í starfshópum innan BHM, m.a. um endurskoðun á stefnu

bandalagsins. Í einstaka tilvikum hefur félagið leitað fulltingis lögmanna við úrlausn mála, þegar aðrar leiðir hafa ekki verið færar.

Nokkrar breytingar voru gerðar á eignarhaldi innan húsfélags BHM á árinu. Eignarhlutur KVH í húsfélagi B6 nemur 4,02%


KVH hefur kynnt starfsemi sína á samskiptamiðlum, á vettvangi námsmannafélaga og víðar og stefnir að frekari markaðssetningu, meðal annars með nýlegri vefsíðu og kynningarmyndböndum, enda ávallt markmið að KVH verði „fyrsta val“ nýútskrifaðra viðskipta- og hagfræðinga.

Félagið hefur sniðið sér stakk eftir tekjuvexti en verkefni sem kosta fjármuni eru fjölmörg. Engu að síður er félagsgjaldið til KVH eitt það lægsta sem greitt er til stéttarfélags enda er markmið félagsins ekki að safna í sjóði heldur að veita félagsmönnum góða og nauðsynlega þjónustu, og efla þeirra hag.

3. Félagsmenn

Félagsmönnum fjölgar jafnt og þétt eins og undafarin ár. Langmest er aukningin vegna starfa á almenna vinnumarkaðinum. Ef miðað er við október mánuð 2018, sem er heppilegur viðmiðunarmánuður, voru greiðandi félagsmenn KVH þá alls 1.533, en á sama tíma árið áður voru þeir 1.438. Að viðbættum þeim félagsmönnum sem síðan hafa bæst við þar til nú í mars, er fjöldi greiðandi félagsmanna orðinn 1.618. Þar til viðbótar má geta þeirra 220 félagsmanna sem skráðir eru með námsmannaáðild núna í mars 2019 og búast má við að verði framtíðar félagsmenn eftir að námi lýkur. Félagið er nú þriðja fjölmennasta aðildarfélag BHM.

Gert er ráð fyrir að þessi þróun muni halda áfram og einkum með áframhaldandi markaðssetningu og kynningum til námsmanna í öllum háskólum landsins.




Hlutfall kynja félagsmanna hefur haldist nokkuð stöðugt milli ára og eru konur um 59% greiðandi félagsmanna en karlar 41%. Meðalaldur greiðandi félagsmanna er nú 44 ár.

Ef litið er á skiptingu greiðandi félagsmanna í október 2018 eftir því hvar á vinnumarkaðinum þeir starfa þá er myndin þessi: Um 56% starfa á almenna vinnumarkaðinum, 33% starfa á

ríkisstofnunum, tæplega 6% vinna hjá sveitarfélögum og rúmlega 4% starfa hjá Reykjavíkurborg, en atvinnuleitendur eru tæplega 1%.

GREIÐANDI FÉLAGSMENN KVH OKTÓBER 2018 FJÖLDI: 1533



Fjölgun félagsmanna er mjög æskileg því styrkur og áhrif félagsins felast ekki síst í stærðinni og þeim möguleikum sem auknar félagstekjur gefa. Með þetta í huga hefur KVH lagt aukna áherslu á markaðssetningu og kynningu eins og áður segir. Félagið hefur gert sérstaka samstarfssamninga við fjögur félög nemenda í viðskipta- og hagfræði við þrjá háskóla, haldið kynningar, vísindaferðir og námskeið fyrir þá sem námsmannaáðild hafa. Einnig má geta þess að undanfarin ár hefur KVH tekið þátt í Framadögum háskólafólks.

4. Kjaramál og samningar

Flestir kjarasamningar KVH renna út í marslok 2019. Þetta eru kjarasamningar við ríki, sveitarfélög, Reykjavíkurborg og fyrirtækjasamningar. Undanfarna mánuði hefur starfsfólk KVH sinnt undirbúningsvinnu vegna þeirra.

Á starfsárinu var áfram unnið að endurnýjun stofnanasamninga ríkisstofnana og það verkefni er viðvarandi enda ríkisstofnanir fjölmargar.

Ef litið er til heildarlauna félagsmanna KVH hjá ríkinu í október 2018 voru þau að meðaltali um 856 þús kr. Heildarlaun félagsmanna hjá sveitarfélögum voru ívið lægri að meðaltali, en laun félagsmanna á almennum markaði hafa að jafnaði verið nokkru hærri. Það er þó eðlilega misjafnt eftir atvinnugreinum og stöðu þeirra.


Hagstofan og fáeinir aðrir aðilar framkvæma launakannanir sem að einhverju leyti ná til viðskiptafræðinga og annarra háskólamanna á almennum vinnumarkaði, en þær kannanir eru ekki samanburðarhæfar innbyrðis.

5. Kaupmáttarþróun og norrænt kjarasamningalíkan

Það samkomulag sem stærstu aðilar vinnumarkaðarins gerðu með sér haustið 2015 og kallað hefur verið „rammasamkomulag um samræmda launaþróun til ársloka 2018“ eða Salek

samkomulagið, hefur beint og óbeint haft áhrif á kjarasamninga háskólamanna, auk Gerðardóms á þau stéttarfélög sem í verkföll fóru vorið 2015. Engu að síður hafa ríki, sveitarfélög og aðilar á almennum markaði gert kjarasamninga á tímabilinu sem ekki eru innan þessara viðmiða. Þá fór Kjararáð langt fram úr þessum viðmiðum með ákvörðunum sínum árið 2016 um laun kjörinna fulltrúa og embættismanna.


Rammasamkomulagið gerði ráð fyrir að vísitala launa mætti hækka úr 100 í 132 á tímabilinu frá nóv. 2013 til ársloka 2018. Eins og sjá má á þessari mynd hafa tilteknir hópar nú þegar hækkað langt umfram það viðmið:



Þrátt fyrir að minna fari fyrir umræðum um Salek þá eru flestir aðilar vinnumarkaðarins sammála um mikilvægi þess að stefna að því að taka upp nýjar aðferðir að norrænni fyrirmynd við gerð kjarasamninga, til að tryggja efnahagslegan stöðugleika, lága verðbólgu og aukinn kaupmátt. Þessi vinna við að þróa nýtt íslenskt kjarasamningalíkan í átt til þess sem er á hinum Norðurlöndunum, er mjög mikilvæg. Þess ber að geta að í janúar sl. skilaði nefnd, skipuð af forsætisráðherra, skýrslu um umbætur á úrvinnslu og nýtingu launatölfræðiupplýsinga. Nefndin var skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneytinu, fjármálaráðuneytinu, velferðarráðuneytinu, heildarsamtökum á vinnumarkaði, Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Ríkissáttasemjara og Hagstofu Íslands. Helstu niðurstöður nefndarinnar voru þær að koma eigi á heildarsöfnun launaupplýsinga beint frá launagreiðendum á Íslandi, að norskri fyrirmynd. Auk þess leggur nefndin til að tekinn sé upp sambærilegur vettvangur um samráð milli aðila í aðdraganda kjarasamninga líkt og tíðkast í Noregi, einskonar Kjaratölfræðinefnd. Að mati KVH gefa niðurstöður nefndarinnar tilefni til bjartsýni enda eindregin afstaða félagsins að ef innleiða á nýtt íslenskt kjarasamningslíkan að norrænni fyrirmynd, þá skipti höfuðmáli að bæta gæði og úrvinnslu launatölfræði á íslenskum vinnumarkaði.

Kaupmáttarþróun hefur verið jákvæð undanfarið misseri og verðbólga var undir verðbólguviðmiðunum Seðlabankans (2,5%) á tímabilinu febrúar 2014 til mars 2018. Þetta hefur skilað flestum launþegum talsverðum ávinningi. Á móti kemur að blikur eru á lofti í hagkerfinu og í þeirri viðkvæmu stöðu er mikilvægt að tryggja áframhaldandi aukinn kaupmátt.

Kaupmáttarþróun launa, launavísitala og verðbólga Tímabil rammsamkomulags (11.2013- 12.2018)



Lífeyrismál

Haustið 2016 gerðu BHM, BSRB og KÍ, samkomulag við ríki og sveitarfélög um „breytingar á skipan lífeyrismála opinberra starfsmanna“. KVH beitti sér gegn þessu samkomulagi eins og það lá fyrir, en það var engu að síður samþykkt. Það varð grunnur að frumvarpi til laga um breytingar á lögum um LSR. KVH veitti umsögn um frumvarpið og fór á fund efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þar sem ýmis ákvæði frumvarpsins voru gagnrýnd. Þá lét KVH vinna fyrir sig rannsókn og skýrslu um virði bakábyrgðar ríkisins á skuldbindingum A-deildar LSR. Niðurstaðan varð því miður sú að frumvarpið var samþykkt óbreytt og ný lög urðu til sem fela í sér lakari lífeyrirsértindi opinberra starfsmanna þar sem bakábyrgð ríkisins er ekki lengur fyrir hendi.

Í mars 2019 var þingfest stefna þriggja bandalaga BHM, K.Í og BSRB í héraðsdómi Reykjavíkur, á hendur íslenska ríkinu. Í stefnunni er krafist viðurkenningar á skaðabótaskyldu vegna væntra skerðinga á lífeyrisjóðsgreiðslum LSR gagnvart stórum hópi greiðenda í sjóðinn þ.s engin bakábyrgð er fyrir hendi lengur, líkt og áður var reyndin. Þessi stefna var nauðsynleg til þess að rjúfa 4 ára fyrningarfræst og sjá hvernig málin munu þróast hjá LSR og einnig Brú á næstu árum. Ef félagsmenn hafa frekari áhuga á þessu málefni, þá hvetur stjórn KVH félagsmenn að lesa skýrslu Dr. Oddgeirs Ottesen um málefnið en hún er vistuð á heimasíðu KVH.

Atvinnuástand

Atvinnuástand hefur batnað jafnt og þétt undanfarin ár og atvinnuþátttaka er sú hæsta meðal OECD ríkjanna eða 86,1%. Skráð atvinnuleysi í janúar sl. var aðeins um 3,0% á landinu öllu en þá voru að meðaltali 5.965 atvinnulausir (þar af var 35% þess hóps erlendir ríkisborgarar), skv. skráningu Vinnumálastofnunar. Um 1.440 atvinnuleitenda voru með háskólanám eða sérskóla á háskólastigi að baki eða um 24% þeirra sem voru skráðir í atvinnuleit.

Um 348 atvinnuleitendur með viðskipta- og hagfræðinám eru nú á atvinnuleitendur skv. janúar tölum Vinnumálastofnunar. Fjöldi viðskiptafræðinga sem eru skráðir atvinnuleitendur og greiða jafnframt félagsgjald til KVH er nú 19. KVH greiðir framlag í sameiginlega sjóði BHM fyrir þá félagsmenn sem eru tímabundið atvinnuleitendur og greiða sjálfir félagsgjöld til KVH.

Hlutfall vinnandi fólks með háskólamenntun hefur aukist stöðugt undanfarin ár, en störfum sem krefjast háskólamenntunar hefur ekki fjölgað að sama skapi. BHM hefur ítrekað brýnt fyrir stjórnvöldum mikilvægi þess að ýta undir nýsköpun í atvinnulífi er stuðli að verðmætaaukningu og gefi af sér verðmæt störf.

Verkefni stjórnar KVH starfsárið 2019-2020

Á starfsárinu 2019-2020 verður aðaláhersla KVH á að ljúka samningum við viðsemjendur en langflestir kjarasamningar eru lausir þann 31.mars næstkomandi. Talsverð undirbúningsvinna hefur nú þegar farið fram á síðustu tveimur misserum og félagið er tilbúið í þá samningagerð en búið er að tilkynna til viðsemjenda hverjir skipa samninganefndir félagsins.

Fyrir liggur að almenn staða kjarasamningsviðræðna í samfélaginu er á viðkvæmu stigi. Velflestar samningaviðræður á milli aðila enda hjá Ríkissáttasemjara þar sem atvinnurekendur telja að kröfur stéttarféлага séu ekki raunhæfar miðað við rými atvinnugreina að greiða hærra laun og einnig er nefnt í sömu andrá að blikur séu á lofti varðandi hagvöxt og stöðu þjóðarbúsins. Nú þegar hefur verkfallsvopninu verið beitt og áframhaldandi verkföll eru yfirvofandi ef ekki semst á milli aðila á vinnumarkaði.

Með tilliti til núverandi stöðu kjarsamninga þá má búast við því að samningsviðræður KVH dragist á langinn og þá jafnvel fram í sumarbyrjun.

Þá hefur KVH lokið ítarlegri greiningarvinnu á launum og launaumhverfi sinna félagsmanna. Niðurstaða þeirrar vinnu er sú að félagið á í dag sinn eigin gagnagrunn og reiknilíkan sem mun sýna launaþróun og kaupmáttarþróun yfir tímabil, eftir kjarasamningum, atvinnugreinum, kynjum og fleiru, auk samanburðar við þróun vísitalna og hagtalna. Þessi vinna er ákaflega mikilvæg og mun nýtast samningafólki KVH vel við gerð næstu kjarasamninga sem og inn í framtíðina.

Þá er stefnt að því að á árinu að koma upp sérstökum aðgangi félagsmanna að upplýsingum um meðallaun og launaþróun í gegnum „Mínar síður“ sem sett verður upp á vefsíðu KVH. Þetta verður sérstaklega kynnt félagsmönnum þegar verkefninu lýkur.

Aukin markaðssetning, samskipti og þjónusta við félagsmenn verður sem fyrr eitt af áhersluatriðum komandi starfsárs. Áformað er að kynna félagið með markvissum hætti á samfélagsmiðlum en undanfarin misseri hefur heimasíða félagsins hefur verið talsvert endurbætt og aðlöguð að snjallsíma viðmóti ásamt því að gerð hafa verið örmyndbönd um þjónustu KVH sem hægt er að deila á vefmiðlum.

Að lokum vill ég nefna að talsverðar breytingar eru um þessar mundir í starfsmannahaldi félagsins. Frá því að KVH stofnaði sína eigin skrifstofu þann 1.febrúar 2013 hefur framkvæmdastjóri félagsins verið Hallur Páll Jónsson. Hann lauk störfum um síðustu áramót. Stjórn félagsins þakkar honum vel unnin störf og ljóst er að það var gífurlega mikill styrkur fyrir félagið að fá hann til starfa á sínum tíma enda bjó hann yfir mikilli reynslu af kjara- og réttindamálum sem núverandi og framtíðar starfsmenn félagsins og einnig stjórnir munu búa að.

Skrifstofustjóri KVH, Karen Ósk Pétursdóttir hættir störfum í lok mars mánaðar og hefur störf hjá BHM. Karen kom í fullt starf hjá félaginu 2014 en hafði verið áður í 60% starfi frá haustmisseri 2013. Stjórn félagsins þakkar henni vel unnin störf fyrir KVH og óskar henni farsældar í störfum fyrir BHM í framtíðinni.

Núverandi framkvæmdastjóri Guðfinnur Newman tók til starfa 1.sept. 2018. Framkvæmd ráðningar og úrvinnsla var í höndum ráðningarþjónustu Hagvangs. Ljóst er að það mun mikið

mæða á nýráðnum framkvæmdastjóra á komandi misserum vegna kjarasamningsmála félagsins en Guðfinnur hefur tæplega 20 ára reynslu á því sviði og mun því leiða félagið í komandi kjaraviðræðum.

Nýr verkefnastjóri Steinar Lúðvíksson var ráðinn í febrúar 2019 og mun hann taka til starfa 1.maí. Steinar starfar hjá Starfsþróunarsetri háskólamanna ásamt því að sinna hlutastarfi hjá BHM. KVH býður Steinar velkominn til starfa og væntir mikils af honum í framtíðarstörfum fyrir félagið.

Núverandi formaður KVH - Birgir Guðjónsson mun ekki bjóða fram starfskrafta sína í næstu aðalstjórn félagsins en hann hefur verið formaður félagsins síðan 2011 eða í 8 ár samfelld. Stjórn KVH vill þakka honum sérstaklega fyrir störf hans í þágu félagsins til 11 ára.

Reykjavík, 21. mars 2019

F.h. stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Birgir Guðjónsson formaður



**Kjarafélag viðskiptafræðinga
og hagfræðinga**

Ársreikningur 2018

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 450588-2029

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar og sundurliðanir	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2018, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2018 og efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018 í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Kjarafélagi viðskiptafræðinga og hagfræðinga í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflagð nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp félagið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættunarn á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjálafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 14. mars 2019


Valgerður Kristjánsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar


Ársreikningur Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Félagið sér um að gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna á almennum og opinberum vinnumarkaði. Tveir starfsmenn störfuðu hjá félaginu á árinu en einnig fá stjórnarmenn greitt fyrir stjórnarstörf.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var tap ársins 2018 kr. 3.451.755. Hrein eign félagsins í árslok var jákvæð um kr. 40.118.992.

Stjórn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga samþykkir hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2019


Birgir Guðjónsson, formaður


Hèlga S. Sigurðardóttir



Ragnheiður Ragnarsdóttir


Stefán Þór Björnsson


Sæmundur Árni Hermannsson

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga höfum yfirfarið ársreikning félagsins fyrir árið 2018. Við höfum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.


Halla Sigurðardóttir


Jóngeir Hlinason

Rekstrarreikningur 2018

Rekstrartekjur	Skýr.	2018	2017
Félagsgjöld		87.786.743	78.234.588
Söluhagnaður (-tap)		<u>(84.032)</u>	<u>235.010</u>
		<u>87.702.711</u>	<u>78.469.598</u>
Rekstrargjöld			
BHM		26.420.239	22.689.926
Laun og launatengd gjöld	3	45.243.404	35.764.925
Annar rekstrarkostnaður	4	<u>20.470.472</u>	<u>13.146.584</u>
		<u>92.134.115</u>	<u>71.601.435</u>
Rekstrarhagnaður (-tap)		(4.431.404)	6.868.163
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbreyting verðbréfaeignar		822.787	976.239
Vaxtagjöld og þóknarir vegna fjárvörslu		(109.784)	(96.765)
Fjármagnstekjuskattur		(16.384)	(30.525)
Hlutdeild í afkomu Húsfélags BHM sf.		<u>283.030</u>	<u>68.792</u>
		<u>979.649</u>	<u>917.741</u>
Hagnaður (tap) ársins		<u>(3.451.755)</u>	<u>7.785.904</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir			
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf.	2	17.953.449	16.162.066
Fastafjármunir samtals		<u>17.953.449</u>	<u>16.162.066</u>
Veltufjármunir			
Útistandandi félagsgjöld		8.959.256	8.298.528
Verðbréfaeign		13.730.475	12.189.650
Handbært fé		7.203.631	9.010.234
Veltufjármunir samtals		<u>29.893.362</u>	<u>29.498.412</u>
Eignir samtals		<u>47.846.811</u>	<u>45.660.478</u>
 Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs		43.570.747	35.784.843
Afkoma ársins		(3.451.755)	7.785.904
Eigið fé samtals		<u>40.118.992</u>	<u>43.570.747</u>
 Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógreidd laun og launatengd gjöld		4.526.532	1.512.253
Ógreiddir reikningar		3.201.287	577.478
Skammtímaskuldir samtals		<u>7.727.819</u>	<u>2.089.731</u>
Skuldir samtals		<u>7.727.819</u>	<u>2.089.731</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>47.846.811</u>	<u>45.660.478</u>

Sjóðstreymi 2018

Handbært fé frá rekstri	2018	2017
Innborganir:		
Innborguð félagsgjöld.....	87.126.015	77.271.618
Innborgaðir vextir.....	81.962	152.696
Innborganir samtals	<u>87.207.977</u>	<u>77.424.314</u>
Útborganir:		
Greitt til BHM	26.420.239	22.689.926
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....	17.846.663	12.749.859
Greidd laun og launatengd gjöld.....	42.229.125	35.555.375
Greiddur fjármagnstekjuskattur og bankakostnaður.....	126.168	127.290
Útborganir samtals	<u>86.622.195</u>	<u>71.122.450</u>
Handbært fé frá rekstri	585.782	6.301.864
Fjárfestingarhreyfingar		
Keyptur eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf.	(4.464.673)	(10.275.764)
Seldur eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf.	2.872.288	1.639.850
Keypt verðbréf	(800.000)	0
Fjárfestingarhreyfingar samtals	<u>(2.392.385)</u>	<u>(8.635.914)</u>
Lækkun á handbæru fé	(1.806.603)	(2.334.050)
Handbært fé í ársbyrjun	9.010.234	11.344.284
Handbært fé í árslok	<u>7.203.631</u>	<u>9.010.234</u>

Skýringar og sundurliðanir

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum ef frá er talið mat á verðbréfum sem eru metin á gangvirði. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Innlausn tekna

Félagsgjöld eru færð miðað við innsendar skilgreinar, á því tímabili sem skilgreinarnar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Verðbréf

Verðbréf í eigu félagsins eru skráð á virkum markaði og eru eignfærð á markaðsverði í árslok.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að frádreginni niðurfærslu sem gerð er til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfunum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

2. Eignarhlutir í öðrum félögum

Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga á 4% eignarhluta í Húsfélagi BHM sf. sem stofnað var á árinu 2004. Eignarhluturinn er færður skv. hlutdeildaraðferð og er hlutdeild í afkomu félagsins vegna ársins 2018 færð í rekstrarreikning. Breytingar á eign í Húsfélagi BHM sf. á árinu sundurliðast þannig:

Staða 1.1.	16.162.066
Seldur eignarhlutur til annarra félaga	(2.872.288)
Sölugjöld	(86.443)
Keypt á árinu	4.467.085
Hlutdeild í afkomu	352.195
Afskrift yfirverðs	(69.166)
Staða 31.12.	<u>17.953.449</u>

Skýringar og sundurliðanir

3. Laun og launatengd gjöld

	2018	2017
Laun starfsmanna og stjórnar	33.908.192	26.828.245
Önnur þóknun	3.042.331	2.609.527
Bifreiðastyrkur	560.000	480.000
Mótframlag	4.139.596	2.908.730
Tryggingagjald	2.687.913	2.248.609
Sjóðagjöld	905.372	689.814
	45.243.404	35.764.925

4. Annar rekstrarkostnaður

	2018	2017
Annar starfsmannakostnaður	0	33.015
Ráðstefnur, ferðakostnaður	1.200.516	173.349
Rekstrarframlag til Húsfélags BHM sf.	2.773.889	1.981.691
Húsaleiga	0	359.347
Sími og burðargjöld	378.925	252.197
Bækur, blöð og tímarit	224.557	177.735
Pappír, prentun og ritföng	462.714	296.057
Rekstur tölvukerfis	1.133.191	723.154
Kostnaður vegna BIB	288.202	343.368
Endurskoðun og reikningsskil	681.700	634.617
Bókhaldsþjónusta	458.452	517.142
Lögfræðikostnaður	3.418.729	3.497.072
Aðkeypt þjónusta	4.359.488	1.197.831
Kynningarmál og auglýsingar	2.530.332	941.366
Fundarkostnaður	1.047.736	1.556.873
Áhöld og tæki	1.100.075	294.472
Dagpeningar	212.400	0
Annar kostnaður	199.566	167.298
	20.470.472	13.146.584



Vísindasjóður KVH

Ársreikningur 2018

Borgartúni 6
105 Reykjavík

Kt. 650291-2129

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Sjóðstreymi	6
Skýringar	7

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Vísindasjóðs KVH

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Vísindasjóðs KVH fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2018, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2018 og efnahag hans 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við erum óháð Vísindasjóði KVH í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Vísindasjóðs KVH og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp sjóðinn eða hætta starfsemi hans, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagaslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitung ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættunna á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnu og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sjóðsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstæða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi síðsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 14. mars 2019


Valgerður Kristjánsdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar


Ársreikningur Vísindasjóðs KVH er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samkvæmt rekstrarreikningi sjóðsins var hagnaður ársins 2018 kr. 5.467.148. Hrein eign sjóðsins í árslok var jákvæð um kr. 51.586.510.

Stjórn Vísindasjóðs KVH samþykkir hér með ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2019


Birgir Guðjónsson, formaður


Hlga S. Sigurðardóttir



Ragnheiður Ragnarsdóttir



Stefán Þór Björnsson


Sæmundur Árni Hermannsson

Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn Vísindasjóðs KVH höfum yfirfarið ársreikning sjóðsins fyrir árið 2018. Við höfum engar athugasemdir og leggjum til að hann verði samþykktur.


Halla Sigurðardóttir


Jóngeir Hlinason

Rekstrarreikningur 2018

Rekstrartekjur	Skýr.	2018	2017
lögjöld		43.620.289	39.984.967
		<u>43.620.289</u>	<u>39.984.967</u>
Rekstrargjöld			
Veittir styrkir		38.465.844	35.984.602
Annar rekstrarkostnaður		104.433	139.020
		<u>38.570.277</u>	<u>36.123.622</u>
Rekstrarhagnaður		5.050.012	3.861.345
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		502.898	535.927
Vaxtagjöld		0	(100)
Fjármagnstekjuskattur		(110.630)	(107.180)
Áhrif eignarhluta í Húsfélagi BHM		24.868	3.519
		<u>417.136</u>	<u>432.166</u>
Hagnaður ársins		<u>5.467.148</u>	<u>4.293.511</u>

Efnahagsreikningur 2018

Eignir	Skýr.	2018	2017
Veltufjármunir			
Eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf.		1.028.387	1.003.519
Útistandandi iðgjöld		4.705.471	4.421.949
Handbært fé		<u>45.857.678</u>	<u>40.700.400</u>
Veltufjármunir samtals		<u>51.591.536</u>	<u>46.125.868</u>
Eignir samtals		<u>51.591.536</u>	<u>46.125.868</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé í upphafi árs		46.119.362	41.825.851
Hagnaður ársins		<u>5.467.148</u>	<u>4.293.511</u>
Eigið fé samtals		<u>51.586.510</u>	<u>46.119.362</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Ógr. til félagsmanna eingreiðsla vegna kjarasamninga		<u>5.026</u>	<u>6.506</u>
Skammtímaskuldir samtals		<u>5.026</u>	<u>6.506</u>
Skuldir samtals		<u>5.026</u>	<u>6.506</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>51.591.536</u>	<u>46.125.868</u>

Sjóðstreymi 2018

Handbært fé frá rekstri	Skýr.	2018	2017
Innborganir:			
Innborguð iðgjöld.....		43.336.767	39.418.944
Innborgaðir vextir.....		417.136	428.647
Innborganir samtals		<u>43.753.903</u>	<u>39.847.591</u>
Útborganir:			
Greiddir styrkir.....		38.465.844	35.984.602
Greiddur annar rekstrarkostnaður.....		130.781	138.438
Útborganir samtals		<u>38.596.625</u>	<u>36.123.040</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>5.157.278</u>	<u>3.724.551</u>
Fjárfestingarhreyfingar			
Keyptur eignarhlutur í Húsfélagi BHM sf.		0	(1.000.000)
Fjárfestingarhreyfingar samtals		<u>0</u>	<u>(1.000.000)</u>
Hækkun á handbæru fé.....		5.157.278	2.724.551
Handbært fé í ársbyrjun		40.700.400	37.975.849
Handbært fé í árslok		<u>45.857.678</u>	<u>40.700.400</u>

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum.

Tekjur

Samningsgjöld eru færð miðað við innsendar skilagreinar, á því tímabili sem skilagreinar tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Handbært fé

Til handbærs fjár í efnahagsreikningi og við gerð sjóðstreymis teljast bankainnstæður.

Styrkir

Styrkir eru gjaldfærðir við greiðslu.

Rekstrarniðurstaða 2018		Rekstraráætlun 2019	
REKSTRARTEKJUR:		REKSTRARTEKJUR:	
Félagsgjöld	87.786.743	Félagsgjöld	96.000.000
Aðrar tekjur (söluhagnaður)	-84.032	Aðrar tekjur	0
Rekstrartekjur alls:	87.702.711	Rekstrartekjur alls:	96.000.000
REKSTRARGJÖLD:		REKSTRARGJÖLD:	
Laun stm og stjórnar & ltgj	45.243.404	Laun stm og stjórnar & ltgj	46.600.000
Framlag til BHM	26.420.239	Framlag til BHM	28.800.000
Greitt v/atv.lausra fél.m.	0	Greitt v/atv.lausra fél.m.	0
Annar rekstrarkostnaður alls:	20.470.472	Annar rekstrarkostnaður alls:	15.350.000
Ráðstefnur,ferðakostnaður, dagpen	1.412.916	Ráðstefnur,ferðakostnaður, dagpen	350.000
Rekstrarframlag til Húsfélags BHM sf.	2.773.889	Rekstrarframlag til Húsfélags BHM sf.	2.200.000
Húsaleiga til BHM	0	Húsaleiga til BHM	0
Fastagjald til BHM	0	Fastagjald til BHM	0
Kostnaður vegna BIB	288.202	Kostnaður vegna BIB	280.000
Pappír, prentun og ritföng	462.714	Pappír, prentun og ritföng	170.000
Rekstur tölvukerfis	1.133.191	Rekstur tölvukerfis	900.000
Endurskoðun og bókhaldsþjón	1.140.152	Endurskoðun og bókhaldsþjón	1.250.000
Lögfræðikostnaður	3.418.729	Lögfræðikostnaður	3.000.000
Aðkeypt þjónusta; vefsíða; ráðgjöf o.fl	4.359.488	Aðkeypt þjónusta; vefsíða; ráðgjöf o.fl	2.000.000
Kynningarmál og auglýsingar	2.530.332	Kynningarmál og auglýsingar	1.500.000
Fundakostnaður/Vísindaferðir	1.047.736	Fundakostnaður/Vísindaferðir	1.800.000
Áhöld og tæki	1.100.075	Áhöld og tæki	1.200.000
Annar kostnaður	803.048	Annar kostnaður	700.000
Rekstrargjöld alls:	92.134.115	Rekstrargjöld alls:	90.750.000
Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	-4.431.404	Hagnaður (tap) án fjármagnsliða	5.250.000
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur og verðbreyt.verðbréfaeign.	822.787		
Vaxtagjöld og þóknunir v/fjárvörslu	-109.784		
Fjármagnstekjuskattur	-16.384		
Hlutdeild í afkomu Húsfélags BHM sf	283.030		
	979.649		
Hagnaður (tap) ársins	-3.451.755		



Lög KVH

Kjarafélags viðskiptafræðinga og hagfræðinga

Union of Economists and Business Academics

I. kafli. Heiti félagsins og tilgangur

1. gr.

Félagið heitir Kjarafélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík. Félagssvæði þess er landið allt.

2. gr.

Félagið er stéttarfélag. Tilgangur þess er:

- a) Að vinna að bættum kjörum félagsmanna, gera kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna, bæði á almennum vinnumarkaði og opinberum, og á annan hátt að gæta hagsmuna þeirra í kjaramálum.
- b) Að standa vörð um réttindi félagsmanna á vinnumarkaði og upplýsa félagsmenn um réttindi þeirra og skyldur.
- c) Að stuðla að samstarfi og samvinnu við erlend stéttar- og fagfélög viðskiptafræðinga og hagfræðinga.

3. gr.

Félagið er aðili að Bandalagi háskólamanna, BHM.

II. kafli. Félagsaðild og réttindi

4. gr.

Félagsaðild er óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

Fullgildir félagsmenn geta þeir orðið sem greiða félagsgjöld og hafa lokið viðurkenndu prófi í viðskiptafræði eða hagfræði, skv. lögum nr. 27/1981 með síðari breytingum um rétt manna til að kalla sig viðskiptafræðinga og hagfræðinga, eða hafa lokið annarri námsgráðu á háskólastigi sem inniheldur að lágmarki 120 ECTS einingar af viðskipta- og hagfræðinámsgreinum.

Bæði viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem starfa sem slíkir, þ.e. nýta þekkingu sína og menntun í viðkomandi starfi, og eru launamenn eða sjálfstætt starfandi, geta átt félagsaðild að KVH.

Aukaaðild geta fengið:

- a) Námsmenn í viðskiptafræði eða hagfræði á háskólastigi, sem lokið hafa a.m.k. einu námsári í fræðigreininni eða sem svarar 60 ECTS einingum.
- b) Viðskiptafræðingar eða hagfræðingar sem eru í framhalds- eða doktorsnámi.

- c) Háskólamenn sem útskrifast hafa með BSc eða BA próf sem er að hálfu leyti viðskiptafræðimenntun og að hálfu leyti önnur háskólagrein, svo sem viðskiptalögfræði, enda nái viðskiptafræðihlutinn ekki 120 ECTS einingum.
- d) Viðskiptafræðingur eða hagfræðingur sem vinnur tímabundið störf sem ekki krefjast viðskiptafræðimenntunar.
- e) Félagsmenn sem verða lífeyrisþegar og láta af störfum vegna aldurs.
- f) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem starfa tímabundið erlendis.
- g) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem eru tímabundið atvinnulausir (enda greiði þeir ekki félagsgjöld af atvinnuleysisbótum).
- h) Viðskiptafræðingar og hagfræðingar sem eru tímabundið utan vinnumarkaðar vegna veikinda eða fjölskylduaðstæðna.

Aukaaðild felur í sér heimild til þátttöku í starfsemi félagsins, með málfrelsi og tillögurétti og öðrum réttindum að ákvörðun stjórnar hverju sinni, þó ekki atkvæðisrétti eða kjörgengi til nefndastarfa og stjórnar.

Þeir sem eru aukaaðilar og þiggja ekki laun, greiða heldur ekki félagsgjöld á sama tíma. Námsmenn sem starfa með námi og aðrir aukaaðilar sem þiggja laun, greiða félagsgjöld og njóta réttinda samkvæmt ákvörðun stjórnar á hverjum tíma. Námsmannaaðild í grunnnámi (BA/BS próf) getur ekki varað lengur en fjögur ár samtals.

5. gr.

Beiðni um inngöngu í félagið skal senda stjórn þess, annað hvort með rafrænni umsókn á heimasíðu félagsins eða skriflega með öðrum hætti. Með umsókn skulu m.a. fylgja eftirtalin gögn:

- a) Staðfesting á háskólaprófi, ásamt samantekt námseininga í viðskipta- og hagfræði.
- b) Persónuupplýsingar (nafn, kennitala, heimilisfang, póstnúmer, netfang, sími).
- c) Atvinnuupplýsingar (starfsheiti, launagreiðandi, vinnustaður).

Stjórn félagsins skal taka umsóknina til úrskurðar og tilkynna umsækjanda um niðurstöður.

6. gr.

Félagsmanni er skylt að greiða félagsgjöld samkvæmt ákvörðun aðalfundar hverju sinni. Skuldi félagismaður félagsgjöld í 12 mánuði eða lengur getur stjórnin fellt nafn hans af félagaskrá.

7. gr.

Ágreiningi um réttindi og skyldur félagsmanna, sem kann að rísa á milli einstakra félagsmanna annars vegar og félagstjórnar hins vegar, má vísa til félagsfundar og er úrskurður hans endanlegur.

8. gr.

Úrsögn úr félaginu skal vera skrifleg og tekur gildi um önnur mánaðarmót eftir að hún berst félaginu. Úrsögn skal þó ekki taka gildi:

- a) Ef vinnustöðvun vegna kjaradeilu hefur verið boðuð.
- b) Meðan á vinnustöðvun stendur. Stjórn félagsins getur framlengt úrsagnarfrestinn um jafnlangan tíma og vinnustöðvun stendur.



Stjórn félagsins getur vikið úr félaginu hverjum þeim sem að hennar áliti brýtur lög félagsins, samninga þess við vinnuveitendur eða vinnur gegn hagsmunum þess.

III. kafli. Aðalfundur

9. gr.

Aðalfundur fer með æðsta vald í skipulagsmálefnum félagsins og hefur einn vald til að breyta lögum þess. Aðalfundur félagsins skal halda eigi síðar en í lok mars ár hvert. Aðalfundur skal auglýsa á heimasíðu félagsins og boða öllum félagsmönnum skriflega og/eða með rafrænum pósti, dagskrá með a.m.k. viku fyrirvara og er hann þá lögumætur. Í aðalfundarboði skulu kynntar þær tillögur til lagabreytinga, sem óskað er eftir að hljóti afgreiðslu aðalfundar. Með aðalfundarboði skulu einnig fylgja upplýsingar um framboð til embætta félagsins, sem kjósa á um á fundinum.

Eftirfarandi mál skulu tekin til meðferðar á aðalfundi:

- ✓ Kosning fundarstjóra og fundarritara.
- ✓ Skýrsla stjórnar um störf félagsins á liðnu starfsári.
- ✓ Reikningar félagsins fyrir liðið starfsár lagðir fram til samþykktar.
- ✓ Skýrslur og tillögur nefnda, ef kjörnar hafa verið.
- ✓ Tillögur félagsstjórnar.
- ✓ Kosning í embætti stjórnar og önnur trúnaðarstörf:
 - Kosning formanns annað hvert ár.
 - Kosning aðalmanna til 2ja ára.
 - Kosning 3ja varamanna til eins árs.
 - Kosning 2ja skoðunarmanna reikninga til 2ja ára.
- ✓ Lagabreytingar.
- ✓ Ákvörðun félagsgjalda.
- ✓ Fjárhagsáætlun og fjárfestingastefna félagsins.
- ✓ Önnur mál.

Á aðalfundi ræður einfaldur meirihluti atkvæða, nema þegar tillögur til breytinga á lögum félagsins eru afgreiddar, en 2/3 hluta fundarmanna á löglegum aðalfundi þurfa að greiða þeim atkvæði til að þær taki gildi. Tillögur um lagabreytingar skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir 15. febrúar næstan á undan aðalfundardegi. Skal þess getið frá hverjum tillagan kemur.

Framboð/tilnefning til embætta á aðalfundi skulu tilkynnt stjórn fyrir 1. mars næstan á undan aðalfundardegi. Tilkynningu skal fylgja staðfesting þess sem býður sig fram / er tilnefndur á því að hann gefi kost á sér til embættisins. Kosningar til trúnaðarstarfa og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar skulu vera leynilegar. Einungis þeir félagsmenn sem mæta á fundinn hafa atkvæðisrétt.

Atkvæðisrétt á aðalfundum og kjörgengi í embætti hafa þeir félagsmenn sem eru fullgildir félagar þann 1. mars næst á undan aðalfundi.

IV. kafli. Stjórn og félagsfundir

10. gr.

Stjórn félagsins er skipuð fimm mönnum og þremur til vara. Stjórn er kjörin á aðalfundi félagsins. Kjörtímabil aðalmanna skal vera tvö ár í senn. Kjörtímabil varamanna í stjórn skal vera eitt ár í senn. Leitast skal við að hlutfall karla eða kvenna samanlagt í stjórn og varastjórn félagsins nái 40%.

Kjóri aðalmanna í stjórn félagsins skal haga þannig að aldrei sé skipt um alla stjórnarmenn í einu. Þannig skal kjósa til embættis formanns, gjaldkera og eins meðstjórnanda á sama aðalfundi og svo til embættis ritara og eins meðstjórnanda á þeim næsta. Kjósa skal um hvert embætti fyrir sig.

Ritari gegnir formannsstarfi ef með þarf.

Formaður kveður varamenn til stjórnarfunda ef þurfa þykir.

Stjórn félagsins skipar fulltrúa á aðalfund Bandalags háskólamanna. Formaður situr í formannaráði BHM í samræmi við gildandi lög þess. Stjórn tilnefnir fulltrúa félagsins í nefndir og ráð BHM og til annarra trúnaðarstarfa eftir atvikum.

Hámarkstími sem stjórnarmaður getur setið í stjórn getur ekki orðið lengri en 12 ár og formaður stjórnar skal ekki sitja lengur en 15 ár í stjórn félagsins.

11. gr.

Stjórn félagsins ræður málefnum félagsins með þeim takmörkunum sem lög þessi setja. Hún tekur nánari ákvarðanir um starfsemi félagsins og ber ábyrgð á fjárreiðum þess. Stjórn félagsins ræður framkvæmdastjóra til að annast daglegan rekstur þess. Stjórn eða framkvæmdastjóri í umboði stjórnar skuldbindur félagið gagnvart öðrum aðilum. Gerðir stjórnar skulu jafnan færðar til bókar.

12. gr.

Stjórn félagsins er heimilt að stofna og starfrækja deildir innan félagsins, svo sem eftir landssvæðum eða öðrum þeim hætti sem þurfa þykir hverju sinni.

13. gr.

Komi til þess að stjórn segi af sér störfum skal boða til aukaaðalfundar og nýir fulltrúar kosnir til sama tíma og fráfarandi fulltrúar voru áður kosnir.

14. gr.

Félagsfundir eru æðsta vald í málefnum félagsins á milli aðalfunda. Félagsfundi skal halda þegar stjórn telur ástæðu til eða ef 50 félagsmenn krefjast þess skriflega og tilgreina fundarefni. Skulu þeir boðaðir öllum félagsmönnum með tryggilegum hætti. Afl atkvæða ræður úrslitum mála nema annars sé sérstaklega getið í lögum þessum. Einungis þeir félagsmenn sem mæta á fundinn hafa atkvæðisrétt.

IV. kafli. Trúnaðarmenn

15. gr.

Stjórn félagsins skal beita sér fyrir því að trúnaðarmenn félagsins séu kjörnir á vinnustöðum félagsmanna, sbr. lög um kjarasamninga opinberra starfsmanna nr. 94/1986 og lög um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938. Stjórn getur jafnframt tilnefnt trúnaðarmann félagsins fyrir tiltekin starfssvæði þar sem félagsaðild er dreifð eftir búsetu. Stjórn skal boða þá á fund einu sinni á ári og oftár ef þörf krefur. Stjórn félagsins skal beita sér fyrir því að upplýsa og fræða trúnaðarmenn um hlutverk þeirra, skyldur og réttindi, og styrkja þá eftir atvikum. Stjórn félagsins og trúnaðarmenn skipa samráðsnefnd sem kölluð er saman eftir þörfum, til ráðuneytis um kjaramál, samningamál og hagsmuni félagsmanna.

V. kafli. Samninganefnd

16. gr.

Umboð til að gera kjarasamninga í nafni félagsins er hjá samninganefndum þess. Stjórn skipar í samninganefndir félagsins og formann hverrar nefndar fyrir sig. Samninganefnd skipar fulltrúa í samninganefndir sem eru sameiginlegar með öðrum aðilum.

Verkefni samninganefndar eru:

- a) Að undirbúa kröfugerð félagsins vegna kjarasamningaviðræðna.
- b) Að sjá um framkvæmd viðræðna og annarra samskipta við viðsemjendur.
- c) Að ganga frá kjarasamningum og undirrita þá með fyrirvara um samþykki þeirra félagsmanna sem undir samninginn heyra.
- d) Að kynna félagsmönnum kjarasamning og sjá um að þeir sem samningur nær til fái kynningu á ákvæðum hans og áhrifum.
- e) Að sjá um að samningar séu bornir undir atkvæði viðkomandi félagsmanna.
- f) Framkvæmdastjóri KVH og/eða starfsmenn félagsins sitja í samstarfsnefndum með viðsemjendum til að fjalla um ágreining ef upp kemur um túlkun á kjarasamningi, réttindum eða framkvæmd aðalkjarasamnings, auk þess að fylgja eftir bókunum kjarasamninga.

Allir kjarasamningar sem gerðir eru í nafni KVH skulu undirritaðir af samninganefnd félagsins.

V. Kafli. Fjármál og rekstur

17. gr.

Stjórn félagsins ber ábyrgð á fjármálum og öllum rekstri félagsins. Allar ákvarðanir um óregluleg útgjöld og fjárhagslegar skuldbindingar fyrir félagið skulu teknar til formlegrar afgreiðslu á stjórnarfundum, aðrar en þær sem framkvæmdastjóri tekur innan þeirra marka sem stjórn hefur sett.

Fjárhagsár ársreikninga skal miðast við almanaksár. Ársreikninga skal leggja fram til skoðunar á síðasta stjórnarfundum fyrir aðalfund og skal gjaldkeri gera grein fyrir þeim. Þeir skulu lagðir fram á aðalfundi, áritaðir af skoðunarmönnum reikninga og stjórn.



Skoðunarmenn ársreikninga eru tveir. Þeir skulu kjörnir á aðalfundi til tveggja ára í senn. Við kjör skoðunarmanna ársreikninga eru stjórnarmenn ekki gjaldgengir. Stjórnin skal ráða löggiltan endurskoðanda til eftirlits með reikningshaldi félagsins.

18. gr.

Félagið rekur Vísindasjóð KVH í samræmi við ákvæði kjarasamninga félagsins. Hlutverk hans er m.a. að stuðla að aukinni endurmenntun félagsmanna. Stjórn KVH er jafnframt stjórn Vísindasjóðs KVH. Sömu skoðunarmenn ársreikninga KVH og löggiltur endurskoðandi annast eftirlit með reikningshaldi og ársreikningum Vísindasjóðs KVH.

19. gr.

Félaginu verður því aðeins slitið að aðalfundur hafi með einföldum meirihluta atkvæða vísað því til stjórnar að hún undirbúi tillögu um félagsslit til að leggja fyrir næsta aðalfund félagsins. Tillaga um félagsslit nær því aðeins fram að ganga að $\frac{3}{4}$ hlutar fundarmanna á löglegum aðalfundi greiði henni atkvæði sitt og að hún hljóti meirihlutasamþykki í almenntri atkvæðagreiðslu meðal félagsmanna.

Félagsslitafundur tekur ákvörðun um ráðstöfun eigna félagsins.

(Lög KVH samþykkt á aðalfundi KVH 17. desember 1999, með áorðnum breytingum, 30.mars 2006, 29.mars 2007, 27. mars 2014 og 15.mars 2018).

HVER VER ÞÍNA HAGSMUNI ?



KVH er stéttarfélag viðskiptafræðinga og hagfræðinga og gerir kjarasamninga fyrir hönd félagsmanna sinna, bæði á almennum og opinberum vinnumarkaði. KVH vinnur að bættum kjörum og réttindum, óháð starfsvettvangi, vinnuveitanda eða ráðningarformi.

Kynntu þér málið - vertu með !

KVH

KJARAFÉLAG
VIÐSKIPTAFRÆÐINGA
OG HAGFRÆÐINGA

KVH er aðili að BHM



www.kjarafelagvh.is

